

## 1. Almenn:

Matorka ehf. (kt. 500412-0540), Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi, hafa verið með 190 tonna rekstrarleyfi (FE-1124 / IS-36071) fyrir seiðaeldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi í landeldisstöð sinni að Húsatóftum, vestan Grindavíkur. Matorka ehf. sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 5. október 2020.

Fiskeldisstöðin er staðsett á Húsatóftum, svæði i6, vestan Grindavíkur með frárennsli í sjó á Reykjanesi. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Ker stöðvarinnar eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Frárennslið rennur í brunn sem er með rist sem kemur í veg fyrir að fiskur geti borist til sjávar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Matorku ehf. að Húsatóftum skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 13. janúar 2021 til 10. febrúar 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Matorku ehf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 190 tonn til seiðaeldis á landi á laxi, bleikju og regnbogasilungi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 10.09.2026. Rekstrarleyfið gildir til 4. Maí 2037.

Þegar rekstrarleyfið (FE-1170) tekur gildi kemur það í stað rekstrarleyfis Matorku ehf. til 190 tonna seiðaeldis á laxi, bleikju og regnbogasilungi (FE-1124 / IS-36071)

Selfossi, 4. maí 2021